


Fjallabyggð



DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐIS SIGLUFJARÐAR

Fjallabyggð

Hafnar- og athafnasvæði

DEILISKIPULAG OG UMHVERFISMATSSKÝRSLA

dags. 05.01.2024

uppf. 15.04.2024

TILLAGA



EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	3
1.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	3
1.2	MARKMIÐ	4
1.3	SAMANTEKT SKIPULAGSÁÆTLUNAR	4
2	FORSENDUR	6
2.1	SAGA	6
2.2	STAÐHÆTTIR	6
2.3	BYGGÐA- OG ATVINNUPRÓUN	7
2.4	NÁTTÚRUVÁ	7
2.4.1	<i>Sjávarflóð</i>	7
2.4.2	<i>Ofanflóð</i>	7
2.4.3	<i>Jarðskjálftar</i>	8
2.5	FORNMINJAR	8
2.6	HÚSAKÖNNUN	10
2.7	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	11
2.7.1	<i>Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024</i>	11
2.7.2	<i>Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032</i>	11
2.7.3	<i>Deiliskipulag</i>	14
2.7.4	<i>Stefna Fjallabyggðarhafna 2022-2030</i>	15
3	DEILISKIPULAG	16
3.1	MEGINATRÍÐI	16
3.2	BYGGÐAMYNSTUR OG LANDNOTKUN	16
3.3	HAFNARSVÆÐI	16
3.3.1	<i>Siglingavernd</i>	17
3.4	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTULÓÐIR	17
3.5	MÓTTÖKUTORG	17
3.6	ATHAFNALÓÐIR	17
3.7	LÝSING	18
3.8	UMFERÐARSVÆÐI	18
3.8.1	<i>Götur og gangstéttar</i>	18
3.8.2	<i>Bílastæði</i>	19
3.8.3	<i>Göngugata</i>	19
3.9	ÚTSÝNISPALLUR	19
3.10	OPIN SVÆÐI	19
3.11	VEITUR	19
4	SKIPULAGSÁKVÆÐI	20
4.1	ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR	20
4.2	ALMENN ÁKVÆÐI	20
4.2.1	<i>Gólfkóti</i>	20
4.2.2	<i>Byggingarreitir</i>	20
4.2.3	<i>Frágangur lóða</i>	20
4.2.4	<i>Mæliblöð</i>	20
4.2.5	<i>Aðaluppdrættir</i>	20
4.2.6	<i>Vinnu- og sérteikningar</i>	21
4.2.7	<i>Sorpgeymslur</i>	21
4.2.8	<i>Útlit og yfirbragð</i>	21
4.3	HVERFISVERND	22
4.4	AÐRIR SKILMÁLAR	22
4.5	LÓÐASKRÁ - SÉRÁKVÆÐI	23
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	25
5.1.1	<i>Áhrifamat</i>	25

5.1.2	Valkostir.....	26
5.1.3	Niðurstöður	27
6	KYNNING OG AUGLÝSING	28
6.1	LÝSING.....	28
6.2	DRÖG AÐ DEILISKIPULAGI OG KYNNING	28
6.3	UMSAGNARADILAR	28
6.4	AUGLÝSING	28
6.5	AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA.....	28
6.6	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	28
7	AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA.....	29
8	TILVÍSANIR.....	30
9	VIÐAUKI - HÚSAKÖNNUN.....	31

Forsíðumynd: Listaverkið Síldarstúlkur og Togarabryggja í bakgrunni. /LF

1 YFIRLIT

Í lok árs 2022 lagði skipulags- og umhverfisnefnd ásamt hafnarstjórn Fjallabyggðar til að farið yrði í deiliskipulag hafnarsvæðisins á Siglufirði. Vinnan fólst í framtíðarstefnumótun og endurskipulagningu vinnusvæða og móttöku skemmtiferðaskipa.

Skipulagsráðgjafi er Lilja Filippusdóttir hjá Lilium-teiknistofu ehf.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með byggingar- og skipulagsskilmálum, skipulagsuppráttur dags. 05.01.2024 og skýringaruppráttur dags. 05.01.2024.

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ



1. mynd. Afmörkun skipulagssvæðis á loftmynd sem tekin var árið 2021. (Loftmyndir ehf.)

Skipulagssvæðið er 9,5 ha að stærð og nær til hafnarsvæðis og athafnalóða. Það afmarkast af smábátahöfn í vestri, Rauðku og Gránugötu, athafnasvæði við Tjarnargötu og Öldubryót í norðri.


1.2 MARKMIÐ

Markmið skipulagsins er að:

- tryggja eftir því sem kostur er sambýli ólíkra atvinnugreina, þ.e. ferðaþjónustu og sjávarútvegs.
- gefa kost á nýjum tækifærum í atvinnulífi.
- bæta ásýnd á Óskarsbryggju, m.a. vegna farþegaskipa sem þar leggja að og nýs varðskips sem nú á heimahöfn á Siglufirði og er legustaður þess við Óskarsbryggju.

1.3 SAMANTEKT SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Með skipulaginu er lögð fram uppbyggingaráætlun hafnarinnar á Siglufirði með stækkun Óskarsbryggju og nýs hafnarkants sunnan hennar. Nýr hafnarkantur mun m.a. gefa kost á móttöku stærri skipa svo sem skemmtiferðaskipa. Svæði fyrir ferðaþjónustu er skýrt afmarkað frá sjávarútvegi. Sjávarútvegur og tengd starfsemi fær áfram rými til útvíkkunar bæði við Hafnarbryggju í tengslum við núverandi starfsemi og við Óskarsbryggju tengt óbyggðum athafnalóðum.



2. mynd. Skýringarmynd sýnir hvernig verslun og þjónusta tengist um Aðalgötu og hafnar- og athafnasvæði eru skilin frá.

Við nýjan hafnarkant er lögð áhersla á smágerð umhverfi í anda þess norska sjávarþorps sem Siglufjörður byggir á.

Aðalgata er framlengd til austurs og verður þar að göngugötu. Nýjar verslunar- og þjónustubyggingar standa við götuna með dvalarsvæði á sólríku- og skjólgóðu svæði sem snýr til suðurs að göngugötu. Móttökutorg er við enda götunnar þar sem gert er ráð fyrir leiksvæði og/eða listaverki.

Móttökusvæði skemmtiferðaskipa er afgirt og gert er ráð fyrir þjónustubyggingu við enda Aðalgötu því tengt. Byggingin er hluti af götumyndinni sem myndir móttökutorgið.

Gamalli aldursfriðaðri verbúð, sem nú er innan skipulagssvæðisins, mætti e.t.v. gefa nýtt líf við móttökutorgið. Bíla- og rútustæði fyrir allar byggingarnar eru á Óskarsbryggju.

Núverandi starfsemi og fyrirkomulag við Dokkina, Rauðku og athafnastarfsemi á svæðinu helst óbreytt að mestu. Afmarkað er svæði fyrir gangandi með gangstéttum og útsýnispalli við Togarabryggju. Þannig munu gestir og gangandi komast í návígi við atvinnulífið á afmörkuðum stað. Mögulegt verður að loka athafnasvæði hafnarinnar af m.a. til að forðast slys. Ferðamönnum verði þannig beint frá vinnusvæðum hafnarinnar og að miðsvæði Siglufjarðar, um Aðalgötu.



3. mynd. Yfirlitsmynd úr grófgerðu módeli sýnir mögulega ásjúnd hafnarsvæðisins.

2 FORSENDUR

2.1 SAGA

Á Siglufirði hefur undirstöðuatvinna verið fiskveiðar og úrvinnsla sjávarfangs í gegnum árin enda er Siglufjörður frá náttúrunnar hendi ein besta höfn landsins. Undanfarinn áratug og í kjölfar Héðinsfjarðarganga hefur orðið mikil breyting á atvinnuháttum á Siglufirði þar sem störfum tengdum sjávarútvegi hefur fækkað verulega. Ýmis þjónustustörf og fjarvinna fyrir stofnanir er nú orðin mikilvægur hlekkur í atvinnulífi bæjarins. Þjónusta við ferðamenn hefur aukist á undanförunum árum og er kappskostað að taka vel á móti gestum bæjarins.

Fáir bæir á Íslandi eiga sér jafn viðburðaríka sögu og Siglufjörður. Gengi fiskveiða og sjávarútvegsfyrirtækja hefur risið og hniðið á víxl og staðurinn ýmist gleymdur eða víðfrægur.

Árið 1903 urðu mikil tímamót á Siglufirði þegar Norðmenn hófu stórfelldar síldveiðar við Norðurland og gerðu Siglufjörð að miðstöð síldarútvegsins. Með síldveiðunum og nýrri tækni til botnfiskveiða, togaraútgerðinni, urðu stórstígari framfarir en nokkurn tíma í sögu Íslands. Bærinn öðlaðist kaupstaðarréttindi árið 1918 og var þá lítið þorp, hálfnorskt, sem óx hratt. Um miðja öldina var staðurinn orðinn einn af stærstu kaupstöðum landsins og fram eftir 20. öldinni sveiflaðist staða ríkissjóðs og efnahagsreikningur landsins með gengi síldveiða á Siglufirði.

Eftir að síldin hvarf tóku við erfið ár í atvinnulífi staðarins en á árunum 1971-73 var útgerðarfyrirtækinu Þormóði ramma komið á fót með tilstyrk ríkisvaldsins. Skuttogaraútgerðin blómstraði, stórfelld þorskvinnsla var stunduð í frystihúsum og mikil loðna brædd. Eftir 1990 jókst mjög útgerð rækjuveiðiskipa og við lok 20. aldar hafði rækjan tekið við af þorski í landvinnslu frystihúsanna í bænum (Fjallabyggð, 2023).

2.2 STAÐHÆTTIR

Siglufjörður er nyrstur fjarða á Tröllaskaga og gengur inn til suðvesturs. Hann er umgirtur 600-900 metra háum fjöllum. Fjörðurinn er um 8 km langur frá Siglunesi og inn í fjarðarbotn Fjarðaráróss. Undirlendi er í botni fjarðarins og á Þormóðseyri þar sem Siglufjarðarkaupstaður stendur. Eyrin nær um 400 m út í fjörðinn og er um 600 m breið. Eitt besta skipalægi á Íslandi var við sunnanverða eyrina. Bæjarmynd Siglufjarðar var mótuð af séra Bjarna Þorsteinssyni, sem gerði skipulagsuppdrátt af eyrinni með hefðbundnu evrópsku bæjarskipulagi. Á flatir eyrinni var skipulagt gatnanet með reglulega rétthyrndum byggðareitum. Á uppgangsárum síldartímans hélt strangt bæjarskipulag séra Bjarna utanum bæjarmyndina á Eyrinni þar sem byggingar mynduðu skýr og ákveðin bæjarrými, götur og torg. Húsin standa almennt við götu, þ.e. við gangstétt en ekki inni á lóð. Framhlið snýr að götu og inngangur er á framhlið eða vel sýnilegur frá götu. Á þennan hátt móta byggingarnar vel skilgreind göturými og gefa byggðinni á Eyrinni ákveðna bæjarmynd.

Nú er byggðin á Eyrinni sundurlaus og skörðótt. Víða ægir saman ólíkum og misstórum byggingum enda mætast þar íbúðarsvæði, ferðaþjónusta og hafnar- og iðnaðarsvæði. Mikil breyting hefur orðið á ströndinni og hafnarsvæðum frá því á síldarárunum. Síldarplön og bryggjur hafa vikið fyrir umfangsminni en veigameiri hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum (Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar, 2020).

Innan skipulagssvæðisins er allt hafnarsvæðið; hafntengd starfsemi, bryggjur og smábátahöfn, athafnasvæði og ferðaþjónusta. Á svæðinu lenda allar stærðir báta og skipa sem sinna ýmist sjávarútvegi, ferðaþjónustu eða gæslu.

Bryggjurnar eru:

- Ingvarsbryggja
- Tograbryggja
- Hafnarbryggja
- Óskarsbryggja (sjá mynd 1 til skýringar)

Öldubrjóturinn liggur út um 130 m frá norðausturhorni Eyrarinnar, grjótgarður með stálþil að innanverðu. Hann skýlir löndunarbryggjum austan á Eyrinni (Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, 2020).

2.3 BYGGÐA- OG ATVINNUPRÓUN

Helstu atvinnugreinar í Fjallabyggð eru sjósókn og fiskvinnsla (um 30%), ferðaþjónusta og þjónustustörf (um 20%) og opinber stjórnsýsla (Hagstofa Íslands, 2017). Síðustu ár hefur störfum í ferðaþjónustu, framleiðslu og iðnaði fjölgað í Fjallabyggð.

Komum skemmtiferðaskipa til landsins hefur fjölgað mikið síðustu ár. Fjallabyggðarhafnir eru aðilar að hagsmunasamtökunum Cruise Iceland og Cruise Europe. Fjallabyggð og Síldarminjasafn Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um markaðssetningu Siglufjarðarhafnar sem ákjósanlegs viðkomustaðar skemmtiferðaskipa. (Fjallabyggð, 2023)

Stefnt er að því að fiskveiðar og -vinnsla, bátasmíði og ferðaþjónusta verði áfram undirstöðu- atvinnugreinar á Siglufirði.

2.4 NÁTTÚRUVÁ

2.4.1 SJÁVARFLÓÐ

Í lok ágúst 2015 gerði mikið vatnsveður og flæddi Hvanneyrará yfir bakka sína. Ræsi í vegum höfðu ekki undan og skemmdir urðu m.a. á vegum og húsum (Veðurstofa Íslands, 2015). Svipað magn úrkomu féll í byrjun ágúst 2019 og flæddi inn í kjallara á nokkrum húsum. Nú hafa ræsi undir Hólaveg og Fossveg verið tvöfölduð og unnið er að endurbótum holræsakerfa í báðum byggðarkjörnum m.a. svo það standist betur álag vegna flóða og úrkomu. Endurbæturnar koma m.a. í veg fyrir innstreymi sjávar inn í holræsakerfin (Fjallabyggð, 2019).

Í febrúar 2020 flæddi sjór upp á hafnarsvæðið sunnanvert. Er talið að óvenju há sjávarstaða vegna djúprar lægðar hafi valdið flóðinu. (Vísir, 2020)

Á strandlágum svæðum getur skapast hættu á sjávarflóðum af fjórum ástæðum:

- vegna hækkunar sjávarborðs á heimsvísu
- sigi á berggrunni
- sigi á fyllingum
- vegna langrar öldu

Við deiliskipulagningu lágsvæða, þar sem ákvörðun er tekin um lágmarks land- og/eða gólfhæðir, skal stuðst við viðmiðanir byggðar á lágsvæðaskýrslum sem taka mið af sjávarstöðu árið 2100. Þegar líftími hverfa eða mannvirkja er meiri en 100 ár þarf að taka tillit til væntanlegra sjávarstöðubreytinga til lengri tíma. Taka þarf tillit til bæði hækkunar sjávar og landsigs við ákvörðun um land- og gólfkóta. Á nýjum landfyllingum þarf auk þess að gera ráð fyrir umfram landsigi. (Sigurður Sigurðarson, 2018)

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar eru sett fram almenn ákvæði um lágmarkshæð gólfkóta nýrra bygginga. Vegagerðin hefur hins vegar uppfært viðmiðunarreglur fyrir landhæð á lágsvæðum og er hún nú **3,1 m.y.s.** í hæðarkerfi Siglufjarðar. Frá því fyrri viðmið voru gefin út hafa spár um hækkandi sjávarstöðu hækkað auk þess sem nú er gert ráð fyrir að áhrif bráðnunar á Suðurskautinu séu meiri en áður var talið. (Sigurður Sigurðarson, 2023)

2.4.2 OFANFLÓÐ

Enn eru óuppfærðar hættumatslínur vegna snjóflóða á gildandi aðalskipulagi en þær hafa ekki verið uppfærðar eftir að varnarmannvirki voru sett upp. Svæðið er þó metið utan snjóflóðahættusvæðis.

Hins vegar geta snjóflóð úr austanverðum firðinum valdið flóðbylgjum á Leirutanga og Þormóðseyri. Heimildir eru um stór snjóflóð úr Skollaskál (Veðurstofa Íslands, 2012).


2.4.3 JARÐSKJÁLFTAR

Fjallabyggð og nágrenni er á jarðskjálftasvæði og er innan svæðis þar sem jarðskjálftavá er talsvert hærrí en gengur og gerist á landinu. Hönnunarhröðunarsvæði er 0,50 g miðað við 500 ára meðalendurkomutíma sem er hæsti áhættuflokkur (Páll Halldórsson, 2005).

2.5 FORNMINJAR

Unnin var fornleifaskráning fyrir deiliskipulagssvæðið haustið 2023 af Ástu Hermannsdóttur hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Skráðar voru átta fornleifar. Í samantekt skýrslunnar segir:

Deiliskipulagssvæðið er allt innan hinnar gömlu Hvanneyrarjarðar í Siglufirði. Allar fornleifar innan skráningarsvæðisins eru horfnar af yfirborði. Einum minjum var bætt við eldri skráningu en þær voru ekki orðnar að fornleifum þegar skráning fór fram 2004. Að öðru leyti voru aðeins tekin ný hnit á áður skráðum minjum, nýjar ljósmyndir og aðstæðum á vettvangi lýst. Minjarnar sem bættust við voru undirstöður bryggju (3139-8) sem sjást á loftmynd frá 1994 og eru einungis nýlega horfnar. Helstu heimildir um minjar á svæðinu eru kort Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 og 1888 (skoðuð í eldri fornleifaskráningarskýrslu: Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:82). Eru þar merktar inn staðsetningar húsa sem eru nú löngu horfin. Allar skráðar minjar úr eldri skráningu, utan einar, eru slíks eðlis, þ.e. áætlaðar staðsetningar húsa sem eru horfin. Lögð er áhersla á að um áætlaðar staðsetningar er að ræða í öllum tilfellum þar sem engin merki sjást um húsin á yfirborði og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju. (Ásta Hermannsdóttir, 2023)



5. mynd. Rúnamerki táknaðar skráðar fömminjar.

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat
3139-1		lending	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hættu
3139-2	Syðra Pakkhús	annað, pakkhús	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hættu
3139-3	Niðursuðuhús	annað, niðursuðuhús	heimild	1881	20. öld	sést ekki	engin hættu
3139-4	Galma búð - Nýja búð	verslunarhús	heimild	1882	20. öld	sést ekki	engin hættu
3139-5	Bræðsluhúsin	annað, bræðsluhús	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hættu
3139-6	Salthúsið	annað, salthús	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hættu

3139-7	Síldarhúsin	verslunarhús, geymsla, íbúð	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	Hætta vegna framkvæmda
3139-8		bryggja	heimild	1917	2000	sést ekki	engin hætta

(Ásta Hermannsdóttir, 2023)

2.6 HÚSAKÖNNUN

Í 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Árið 2012 var unnin húsaskráning á Siglufirði, sem var uppfærð í desember 2017, af Kanon arkitektum. Yfirlit allra húsa innan skipulagssvæðisins var unnið við gerð skipulagslýsingar. Samantekt hennar má finna í viðauka I.

2.7 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR


2.7.1 SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Í kafla 3.4.2 um *Hafnir* er sett fram markmið sveitarfélaganna. „Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.“

2.7.2 AÐALSKIPULAG FJALLABYGGÐAR 2020-2032

Unnin verður breyting á aðalskipulagi samhliða deiliskipulagi þessu þar sem afmörkun landnotkunarflokka og lögun landfyllingar breytist lítillega.

Innan skipulagssvæðisins eru þrjár gerðir landnotkunarflokka, hafnarsvæði, athafnasvæði og miðsvæði. Gert er ráð fyrir landfyllingu á hluta hafnar- og athafnasvæðis.



6. mynd. Skipulagssvæðið merkt með grænni og rauðri brota línu yfir gildandi landnotkunarreiti Aðalskipulags Fjallabyggðar 2020-2032.

Í markmiðum aðalskipulagsins um **athafnasvæði** segir:

- ❖ Athafnasvæði Fjallabyggðar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við hafnir og samgönguæðar.
 - Fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja verði til úthlutunar.
- ❖ Áhersla á góðar umhverfis- og starfsmannaaðstæður þannig að fyrirtæki sjái sér hag af að vera með atvinnurekstur í sveitarfélaginu.
 - Áhersla á gott grunnkerfi, umhverfismál og fjölskyldugildi.

Í almennum ákvæðum um athafnasvæði segir:

Auk atvinnustarfsemi á sérmerktum athafnasvæðum eru almennar heimildir fyrir atvinnustarfsemi á öðrum landnotkunarreitum, þar á meðal íbúðarsvæðum innan þeirra skilmála sem settir eru. Gera skal nánari grein fyrir heimildum fyrir atvinnustarfsemi á öðrum svæðum í deiliskipulagi þeirra.

Í markmiðum aðalskipulagsins um **hafnir** segir:

- ❖ Sjávarútvegur og tengdar greinar verði áfram meginstoð atvinnulífs Fjallabyggðar.
- ❖ Áhersla skal lögð á góða aðstöðu og vaxtamöguleika fyrir útgerð og aðra hafnsækna starfsemi.
 - Öflug sjávarútvegs- og vinnslufyrirtæki þar sem samfélagsleg ábyrgð og samfélagslegir hagsmunir eru í fyrirrúmi efla atvinnulíf í sveitarfélaginu og hafa það að markmiði að tryggja störf. Framleiðsla verðmætrar gæðavöru og fullvinnsla á henni er mikilvægt atriði í því samhengi, sérstaklega þegar litið er til lengri tíma.
 - Fjallabyggð hefur mótast mjög af sjósókn og telst það því mikilvægur hlekkur í menningu þéttbýlanna að útgerð sé viðhaldið.
 - Útgerðarfyrirtækjum og tengdri starfsemi verði sérstaklega ætluð svæði við hafnir Fjallabyggðar.
- ❖ Skapa örugga hafnaraðstöðu með góðu viðlegurými fyrir stærri skip.
- ❖ Ferðaþjónustu verði gefið rými til uppbyggingar við afmarkað hafnarsvæði.
 - Góð tenging við samgöngukerfi á landi.
- ❖ Stefnt verði að rafvæðingu hafna.

Í almennum ákvæðum um hafnir segir:

Auk starfsemi skv. almennum skilmálum skipulagsreglugerðar um starfsemi á hafnarsvæðum er leyfilegt að koma fyrir ýmiskonar tengdri starfsemi á hafnasvæðum Fjallabyggðar. Þar má nefna þjónustufyrirtækjum fyrir bátafлотann, útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og rannsóknarstofnunum tengdum útgerð og vistkerfi hafsins auk ferðaþjónustu. Ekki verður þar heimil atvinnustarfsemi sem getur haft mengandi áhrif á matvælavinnslu eða nálæga byggð.

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins segir m.a.:

Sjávarútvegur og tengdar greinar hafa verið meginstoð atvinnulífs í Fjallabyggð. Mikilvægt er því fyrir samfélagið að áhersla sé lögð á góða aðstöðu og vaxtamöguleika fyrir útgerð og hafnsækna starfsemi líkt og skipulagið gerir ráð fyrir.

Stefnt er að rafvæðingu hafna sem mun hafa jákvæð áhrif á andrúmsloft og veðurfar.

Innan skipulagssvæðisins eru eftirtaldir reitir:

Merking	Stærð (ha)	Heitisvæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
217 AT	1,7	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. lyfjaframleiðsla, verkstæði og iðnaðareldhús.	Verslun og þjónusta tengd hafnarstarfsemi er leyfileg t.d. sala á fiskiafurðum.
218 AT	2,6	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. frystihús, gamall slippur og verslun.	
219 AT	0,9	Austurhluti Eyrarinnar	Athafnastarfsemi. Deiliskipulag í gildi.	
220 H	4,7	Austur- og suðurhluti Eyrarinnar	Ingvarsbryggja, er viðlegubryggja fyrir viðgerðaðþjónustu stærri skipa. Óskarsbryggja, Togarabryggja og Hafnarbryggja eru löndunar- og útskipunarhafnir. Deiliskipulag í gildi. 1,5 ha af reitnum er landfylling (234 E). Efni úr fyrirhuguðum jarðgöngum er áætlað í fyllinguna.	
221 H	0,4	Suðurhluti Eyrarinnar	Smábátahöfn	
213 M	0,9	Sunnan Gránugötu.	Veitingahús, þjónustustarfsemi og almenningsgarður. Deiliskipulag í gildi. Fullbyggt.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
234 E	1,5	Austurhluti Þormóðseyrar, Siglufjörður.	Landfylling fyrir athafna- og hafnarstarfsemi.	Áætlað magn 100.000 m ³ efnislosun/landfylling.

2.7.3 DEILISKIPULAG

Gildandi deiliskipulag og aðliggjandi skipulagssvæði:

- ❖ Deiliskipulag Snorragötu (2012)
- ❖ Deiliskipulag miðbæjar Siglufjarðar (2017)
- ❖ Gránugata 5 og 13 (vantar á mynd) (2021)
 - skipulag mun falla úr gildi
- ❖ Deiliskipulag hafnarsvæðis (1998, mörkum breytt 2021)
 - skipulagsmörk svæðis breytast
- ❖ Deiliskipulag Þormóðseyrar (2013)
- ❖ Þormóðseyri norðan hafnarbryggju, Tjarnargata (2017)
 - skipulag mun falla úr gildi
- ❖ Deiliskipulag, Þjóðvegur í Þéttbýli, er í vinnslu. Afmörkun þess nær yfir stofnveg sem liggur niður að höfn.



7. mynd. Gildandi deiliskipulög og mörk skipulagssvæðis sýnd með rauðri brotalínu.

2.7.4 STEFNA FJALLABYGGÐARHAFNA 2022-2030

Í leiðarljósi segir: „Með samstöðu byggjum við upp fjölbreytta, örugga og faglega hafnarstarfsemi sem mætir þörfum íbúa og atvinnulífs“.

Áhersla er lögð á að Siglufjarðarhöfn verði leiðandi í þjónustu við stærri skip í sjávarútvegi, ferðaþjónustu, vöruflutningum og öryggismálum.

Markmið stefnunnar eru m.a.:

- Að byggja áfram á sterkri og jákvæðri ímynd hafnarsvæðisins á Siglufirði.
- Að fjölbreytt atvinnustarfsemi geti vaxið og dafnað á hafnarsvæðinu í sátt og samlyndi.
- Að skipulag vinnusvæða sé með þeim hætti að hagkvæmni og öryggis sé gætt.
- Að hafnarsvæðið þjóni fjölbreyttri þjónustu við fiski-, flutninga-, farþega- og björgunarskip.
- Að skipulag hafnarsvæðisins fyrirbyggji ekki framtíðartækifæri, svo sem á sviði vöruflutninga.

3 DEILISKIPULAG

3.1 MEGINATRIÐI

Á skipulagssvæðinu eru 26 lóðir.

- 9 lóðir eru fyrir verslun og þjónustu þar af eru 3 óbyggðar.
- 17 lóðir eru fyrir athafnastarfsemi þar af eru 5 óbyggðar.
- Tjarnargata 4 og Gránugata 1A falla út og sameinast Tjarnargötu 2. Lóðirnar eru auðar.
- Tjarnargata 8 fellur út og verður lóð F. Þar stendur nú verbúð sem fyrirhugað er að flytja.

Sérákvæði hvernar lóðar er að finna í lóðaskrá í kafla 4.5.

3.2 BYGGÐAMYNSTUR OG LANDNOTKUN

Núverandi byggð innan skipulagssvæðis einkennist af stórum atvinnubyggingum flest úr stálgrind. Innan um þau er að finna gömul uppgerð timburhús frá síldarárunum.

Eingöngu atvinnuhúsnæði er innan reitsins og þar fer fram fjölbreytt starfsemi s.s. rækjuvinnsla, stálsmíði, bátasmíði, lyfjaframleiðsla og veitingaþjónusta.

Áhersla er lögð á að ný hús verði byggð með yfirbragði síldarþorpsins og skal hafa yfirbragð núverandi eldri húsa í huga við hönnun bygginga. Nútíma byggingarlist er ekki viðeigandi á nýjum byggingarreitum.



8. mynd. Hannes Boy Café og Kaffi Rauðka á góðum sumardeggi. Eftirsóknarvert er að draga fram sambærilegt yfirbragð við fyrirhugað móttökutorg. (<https://www.northiceland.is/en/service/kaffi-raudka>).

3.3 HAFNARSVÆÐI

Hafnarsvæði eru skilgreind á uppdrætti. Ingvarsbryggja, Togarabryggja og Hafnarbryggja eru löndunarbryggjur. Við norðanverða Óskarsbryggju er gert ráð fyrir legu stærri skipa s.s. skipi landhelgisgæslunnar. Gert er ráð fyrir að Óskarsbryggja geti lengst til suðurs og orðið allt að 270 m á lengd.

Gert er ráð fyrir nýrri bryggju (merkt bryggja-A) milli Óskarsbryggju og Hafnarbryggju. Hún verði um 220 m á lengd og stefnir NNA-SSV.

Hafnarsvæði skulu vera snyrtileg ásýndar.

Gert er ráð fyrir rampi norðan við bryggju-A.

Einnig er mögulegt að koma fyrir flotbryggju til að þjónusta skemmtiferðaskip norðan rampsins.


3.3.1 SIGLINGAVERND

Bryggja-A skal vera afmörkuð vegna siglingaverndar. Dæmi um legu girðingar er sýnd á uppdrætti. Girðingin skal vera lág og gegnsæ og í samræmi við lög og reglugerð siglingaverndar.

3.4 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTULÓÐIR

Verslun og þjónusta er leyfð á skilgreindum lóðum en einnig ýmis menningarstarfsemi og ferðaþjónusta, þ.m.t. gisting og hótélrekstur.

Lóðir A, B og C munu lengja Aðalgötu til austurs. Sá hluti götunnar er fyrirhugaður sem göngugata og bílastæði því ekki innan lóða. Sameiginleg bílastæði eru fyrirhuguð samsíða í Óskarsgötu.




9. mynd. Dæmi um hámarkshæð og þakhalla verslunar-/þjónustubygginga á lóðum C og A við Aðalgötu.

3.5 MÓTTÖKUTORG

Byggingar við bryggju-A mynda n.k. móttökutorg.

Gestir farþegaskipa munu þurfa að ganga í gegnum þjónustubyggingu B og koma því beint til út á torgið.

Torgið skal hannað sem dvalar- og leiksvæði en einnig hafa eiginleika hefðbundins torgs sem gæti hýst minni viðburði og uppákomur.



10. mynd. Dæmi um yfirbragð bygginga séð frá bryggju-A.


3.6 ATHAFNALÓÐIR

Á athafnalóðum er heimilt að vera með léttan iðnað og starfsemi sem ekki hefur mengandi áhrif.


Við bryggju-A er gert ráð fyrir tvenns konar byggingum. Annars vegar löngum einnar hæðar byggingum með risi sem má mögulega skipta niður í smærri bil eftir starfsemi og hins vegar litlum verbúðum eða

geymslubilum, einnig á einni hæð og með nýtanlegu risi. Yfirbragð húsanna er ólíkt sem ræðst af uppskiptingu og mænisstefnu.

Frágangur og umgengi á lóðum skal vera góður. Ekki er heimilt að geyma hluti á lóðum sem geta fokið auðveldlega yfir á næstu lóðir.



11. mynd. Dæmi um hámarkshæð og þakhalla athafnabygginga á reitum E og D.



12. mynd. Dæmi um hámarkshæð og þakhalla verbúða/geymslubila á reitum G og F.

3.7 LÝSING

Lýsing skal almennt vera glýjulaus og viðeigandi. Lýsing á göngusvæðum skal vera lágstemmd og lýsing innan lóða skal ekki lýsa út fyrir lóðir eða að öðrum byggingum.

3.8 UMFERÐARSVÆÐI

3.8.1 GÖTUR OG GANGSTÉTTAR

Tjarnargata endar við gamla Slippinn (lóð 2) og mun ný gata, gata-A, taka við. Óskarsgata sem liggur N-S samsíða Óskarsbryggju mun ná suður að lóð G.

Aðalgata er framlengd til austurs sem göngugata.

Kvöð er sett á lóð Tjarnargötu 6 (Olís) og innkeyrslu inn á lóðina breytt. Kvöðin felur í sér að heimilt verður að stýra umferð í gegnum lóðina frá bryggju-A út á Gránugötu. Á þetta t.d. við um rútuumferð. Rútum er ætlað að aka um Tjarnargötu til suðurs og leggja samsíða í götu-A. Aka þá til vesturs beint inn á Gránugötu um lóð Tjarnargötu 6 og öfugt. Einnig er kvöð um að gönguleið verði skilgreind með öruggum hætti um lóðina.

Götur og gangstéttar skulu skýrt afmarkaðar með kantsteini. Gerð er grein fyrir staðsetningu gönguþverana. Lagt er til að merkt gatnamót verði upphækkuð.

Gata-B liggur meðfram bryggjunum frá Dokkinni að Fiskmarkaði.

Að öðru leyti er gatnakerfi óbreytt.

3.8.2 BÍLASTÆÐI

Bílastæðum innan lóða skal hagrætt svo best fari með þeirri starfsemi sem er á lóðinni án þess að taka yfir göturýmið með breiðri innkeyrslu. Gera skal ráð fyrir tengibúnaði fyrir rafbíla sbr. reglugerð við nýjar byggingar og við endurbyggingu.

Í Óskarsgötu er gert ráð fyrir 34 samsíða bílastæðum í götu. Þeim er ætlað að þjóna fyrirhuguðum byggingum á lóðum A-E. Af þessum bílastæðum skal gera ráð fyrir 3 stæðum fyrir hreyfihamlaða. Gera skal ráð fyrir tengibúnaði fyrir rafbíla við a.m.k. 6 stæði.

Við götu-A er gert ráð fyrir 6 rútustæðum, 3 hvoru megin við götu. Þegar ekki er þörf á rútustæðum nýtast þau sem 24 almenn bílastæði.

3.8.3 GÖNGUGATA

Göngugata er í beinu framhaldi til austurs af Aðalgötu. Þrjú hús snúa að götunni og geta þau boðið uppá skjólgóð og sólrík dvalarsvæði undir húsvegg. Göngugatan tengist móttökutorgi og er vonast til að þessi hús muni styrkja Aðalgötuna sem helsta gönguás bæjarins.

3.9 ÚTSÝNISPALLUR

Gert er ráð fyrir dvalarsvæði við núverandi flotbryggju sem er afmarkað frá umferð með lágum vegg eða blómakerjum og bekkjum. Nýr útsýnispallur við Togarabryggju gefur ferðamönnum tækifæri til að fylgjast með atvinnulífinu. Með afmörkuninni er dregið úr slyshættu. Útfæra má pallinn á ýmsa vegu. Hafa skal í huga að aðgengi verði fyrir alla um pallinn.

3.10 OPIN SVÆÐI

Á óbyggðri lóð, Gránugötu 17B, við hlið Rauðku og smábátahafnarinnar í svokallaðri Dokk hefur verið komið upp leiksvæði og strandblaksvelli.

3.11 VEITUR

Rarik sér skipulagssvæðinu fyrir heitu vatni og vatnsveita Siglufjarðar fyrir neysluvatni.

Rarik sér einnig um dreifikerfi rafmagns og skal sjá skipulagssvæðinu fyrir rafmagni.

Fráveita skal vera í samræmi við gildandi reglugerð um fráveitur og skólp.



13. mynd. Vinnumódel gefur grófa mynd af skipulagshugmyndinni.

4 SKIPULAGSÁKVÆÐI

4.1 ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR

Leggja skal áherslu á vandaða hönnun bygginga hvað snertir innri gerð, form og útlit. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu geti talist góð byggingarlist þar sem saman fara sjónarmið um hagkvæmni, notagildi og gæði. Byggingar skulu fela í sér heilsteypta hugmynd þar sem m.a. er tekið mið af samhengi smáatriða og heildar, fjölbreytileika og samræmis, jafnvægis og hlutfalla, notagildis og hagkvæmni, forms og lita. Hús skulu felld að landi, uppgefnun lóðahæðum og taka mið af staðháttum á hverjum stað.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal meta þessa þætti sérstaklega við umfjöllun og afgreiðslu aðaluppdráttar og getur hafnað umsókn teljist hún ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar kröfur að þessu leyti þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti. Komi upp ágreiningur eða vafaatriði við afgreiðslu getur skipulags- og byggingarfulltrúi leitað álits skipulags- og umhverfisnefndar eða fagmanna við mat á þessum þáttum hönnunarinnar.

4.2 ALMENN ÁKVÆÐI

4.2.1 GÓLFKÓTI

Miða skal við að gólfkóti nýrra bygginga verði ekki undir 3,1 m.y.s. vegna flóðahættu og líklegar hækkunar sjávarborðs. Er þá miðað við 100 ára endingartíma byggingar. Sé miðað við 50 ára endingartíma byggingar þar sem um er að ræða mannvirki við höfn má gólfkóti vera 2,9 m.y.s. en sjá skal til þess að gólfkóti verði hækkaður í 3,1 m.y.s. við endurbyggingu þeirra að 50 árum liðnum.

4.2.2 BYGGINGARREITIR

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdrætti og málsettir á mæliblaði. Hús skulu standa innan byggingarreits. Þó mega þakbrúnir ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit.

Minnsta fjarlægð milli nýrra byggingarreita eru 10 m. Haga skal hönnun húsa m.t.t. eldhættu. Einnig skal forðast beina innsýn í nærliggjandi hús.

4.2.3 FRÁGANGUR LÓÐA

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar.

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Dvalarsvæði eru mikilvægur þáttur við hönnun bygginga og frágang lóða. Skal frágangur þess og skjólveggir taka mið af heildarásýnd svæðisins og aðliggjandi lóðum.

4.2.4 MÆLIBLÖÐ

Mæliblöð sýna lagnir, stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bindandi byggingarlínur og kvaðir ef einhverjar eru.

Á mæliblöðum eru sýndar hæðir við lóðamörk og leiðsögukótar, þ.e. leiðbeinandi hæðarkótar gólfs jarðhæðar eða 1. hæðar. Í vissum tilvikum geta hæðarkótar verið bindandi vegna frárennslislagna. Gefin er upp hámarkshæð byggingar yfir leiðsögukóta, lega vatns- og frárennslislagna og inntakshliðar fyrir rafmagn og heitt vatn.

4.2.5 AÐALUPPDRÆTTIR

Aðaluppdrættir skulu vera í samræmi við meginmarkmið deiliskipulagsins, skilmála þess, mæliblöð svo og byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

Leggja skal inn til samþykktar byggingarfulltrúa heildaruppdrætti af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð. Leitast er við að láta byggingar á hverri lóð mynda samhengi eða heild. Þar sem hús eru

samtengd skal samræma þakform, lita- og efnisval. Samtengd hús skulu hönnuð af sama aðila og lögð fyrir byggingarfulltrúa sem ein heild.

Á aðaluppdrætti skal rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi og efnis- og litavali. Samræmi skal vera í ytri efnisáferð og yfirbragði mannvirkja á sömu lóð.

Skjólveggi og girðingar skal sýna og skilgreina á aðaluppdráttum auk staðsetningu og útlit sorpgeymslna.

Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir lóðarhönnun, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar og helstu hæðarkótum. Lóðarhæðir á lóðamörkum skulu sýndar á sniðum og útlitsmyndum eftir því sem við á. Stærðir skulu tilgreindar í skráningartöflu sem skila skal á rafrænu formi. Að öðru leyti vísast til kafla 4.3 í byggingarreglugerð (nr. 112/2012 m.s.br.).

4.2.6 VINNU- OG SÉRTEIKNINGAR


Sérteikningum skal skila með undirskrift hönnunarstjóra til byggingarfulltrúa til áritunar sbr. grein 4.1.2. í byggingarreglugerð.

4.2.7 SORPGEYMSLUR

Gera skal grein fyrir sorpgeymslum og aðkomu að þeim hvort sem þær eru innbyggðar í byggingu eða sem sorpskýli.

4.2.8 ÚTLIT OG YFIRBRAGÐ

Í lóðaskrá er gefin upp mænishæð og þakhalli fyrir hvern byggingarreit. Gefur það til kynna yfirbragð bygginga en leitast er eftir því að byggja hús með yfirbragð gamla síldarþorpsins. Öll þök skulu vera mænispök. Einnig er skilgreint byggingarefni í sérákvæðum valinna bygginga í lóðaskrá.



14. mynd. Dæmi um hvernig þakhalli hefur áhrif á yfirbragð bygginga.

4.2.8.1 TIMBURHÚS

Timburhús skulu ýmist klædd timburklæðningu eða lóðréttri bárujárnklæðningu.

Þakbrún skal ná út fyrir útvegg, vera nett og þakrenna utanáliggjandi.

Gluggar skulu vera krosspóstgluggar með stærð og hlutföll í samræmi við gamla hefðbundna tréglugga. Gluggar í timburhúsum skulu vera utarlega/yst í útvegg.

Bent er á leiðbeiningar Minjastofnunar um útlit og yfirbragð gamalla timburhúsa.

Gefin er upp hámarkshæð (mænishæð) byggingar yfir leiðsögukóta gólfplötu 1. hæðar. Leiðsögukóti verður tilgreindur á mælibleði.

4.3 HVERFISVERND

Hverfisvernd felur í sér að vernda heildaryfirbragð húsa, húsheilda og jafnvel umhverfi ef við á. Í skipulaginu eru merkt þrjú hverfisverndarsvæði. Þar er um að ræða sögulegar byggingar með mikið aðdráttarafli bæði vegna yfirbragðs og þeirrar þjónustu sem þær veita nú.

Byggingunum við Gránugötu hefur verið breytt töluvert frá upprunalegu útliti en þeim hefur verið gefið aðlaðandi yfirbragð og hýsa þjónustustarfsemi sem dregur að mannlíf.

Gamla slippnum skal ekki breyta útlitslega. Færa skal bygginguna nær upprunalegu horfi við uppgerð og hafa skal í huga sögulegt mikilvægi hennar.

Sjá umfjöllun í Viðauka I um húsaskráningu.

4.4 AÐRIR SKILMÁLAR

Fjallabyggð setur sérstaka skilmála um úthlutun lóða, tengingar við veitukerfi, ástand lóða við veitingu, jarðrask og uppgröft, merkingu lóða, gerð bílastæða, greiðslur vegna nýtingar almennra bílastæða utan lóða svo og tímamörk fyrir framlagningu teikninga, framvindu byggingarframkvæmda og frágang lóða. Slíkir skilmálar eru ekki hluti deiliskipulagsins þannig að breytingar á þeim krefjast ekki breytingar á deiliskipulagi.

4.5 LÓÐASKRÁ - SÉRÁKVÆÐI

Hver lóð er númeruð á uppdrætti. Meðfylgjandi er skrá yfir þær byggingarheimildir og ákvæði sem gilda á hverri lóð.

Starfsemi á lóð er skammstöfuð með eftirfarandi hætti:

AT=athafnastarfsemi

VP= verslun og þjónusta

OS=opið svæði

Fullb.= fullbyggð lóð

Gránugata										
Lóðanúmer	Starfsemi	Skráð lóðarstærð (m ²) í fasteignaskrá	Lóðarstærð deiliskipulags (m ²)	Birt stærð byggingar (m ²)	Byggingarár	Byggingarheimild, grunnfötur (m ²)	Fjöldi hæða	Hámarksmaenishæð (m)	Pakhalli	Sérákvæði
1A		821								Sameinast Tjarnargötu 2
1-3	AT	12.000	12.258	3.689	1974-1996	Fullb.	2	5,5	12-15°	
5	AT	3.271	1.525	300	1961	Fullb.	1	7	20-25°	
5A	AT	280	225	42	1985	Fullb.	1	3,5	12-15°	
5B	VP	413	362	70	1988	Fullb.	1	3,5	12-15°	
13	AT	1.162	3.147	566	1978	500	2	10	12-20°	
13B	AT	776	729	279	1980	Fullb.	1	5	12-15°	
15	AT	1.835	1.833		1943-1959	Fullb.	2		15-20°	
15B	AT	1.057	1.078	756	1996	Fullb.	2	9	15-20°	
17	AT	1.739	1.785	795	1976	Fullb.	2	6,5	12-15°	
17B	OS	1.725	1.608							
19	VP	546	546	596	1935	Fullb.	1+ris	6,8	30°	Hverfisverndað
19A	VP	165	165	111	1935	Fullb.	1	3,5	12-15°	Hverfisverndað
23	VP	309	308	226	1957	Fullb.	1	5,7	30°	Hverfisverndað
25	VP	345	210	186	1962	Fullb.	1+ris	5,9	30°	Hverfisverndað
Hafnarbryggja										
1	AT	25	25	25	2016	Fullb.	1	3		
2	AT	624	1.292	721	1987	Fullb.	1	7,7	20-25°	

Tjarnargata										
Lóðanúmer	Starfsemi	Skráð lóðarstærð (m ²) í fasteignaskrá	Lóðarstærð deiliskipulags (m ²)	Birt stærð byggingar (m ²)	Byggingarár	Byggingarheimild, grunnflötur (m ²)	Fjöldi hæða	Hámarksæmniháð (m)	Þakhalli	Sérákvæði
2	VP	1.321	2.697	337	1934	Fullb.	1	5,5	10-15°	Hverfisverndað
4		613								Sameinast Tjarnargötu 2
6	AT	1.302	1.372	370	1995	Fullb.	1+ris	6,0	12-15°	Kvöð um gegnumakstur um lóð með stýringu s.s. fyrir rútur. Kvöð um almenna og afmarkaða gönguleið um lóð. Sjá skýringu í kafla 3.8.1. <i>Götur og gangstéttar.</i>
8	AT	406	Verður lóð F	272	1908		1+ris	8,0	40-45°	Aldursfriðað. Heimild til flutnings.
Óbyggðar lóðir										
A	VP		420			120	2+ris	10,0	40-45°	Húsið skal vera timburhús með einum eða fleiri kvistum. Það má vera klætt bárujárni.
B	VP		338			120	1+ris	8,0	40-45°	Húsið skal vera timburhús með einum eða fleiri kvistum. Það má vera klætt bárujárni.
C	VP		568			160	2+ris	8,0	40-45°	Húsið skal vera timburhús. Það má vera klætt bárujárni.
D	AT		649			160	1+ris	6,0	35-40°	Húsið skal vera timburhús. Það má vera klætt bárujárni.
E	AT		512			200	1+ris	6,0	35-40°	Húsið skal vera timburhús. Það má vera klætt bárujárni.
F	AT		563			144	2	7,0	35-40°	Húsinu skal skipt í þrjú bil. Mænisstefna skv. uppdrætti.
G	AT		522			144	2	7,0	35-40°	Húsinu skal skipt í þrjú bil. Mænisstefna skv. uppdrætti.
H	AT		2.826			1.274	2	10,0	12-30°	

5 UMhverfismatsskýrsla

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skýrslu þessari er ætlað að leggja mat á áhrif skipulagsáætlunar og starfsemi sem henni fylgir á valda umhverfispætti.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. töluliði 13.02 og 10.09 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Það á við breytingar eða viðbætur á viðskiptahöfnum, skipgengum vatnaleiðum og innhafnir og viðlegubryggjur til lestunar og löndunar utan hafna (aðrar en ferjulægi) fyrir skip stærri en 1.350 tonn. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal framkvæmdin tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem tekur afstöðu til þess hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér verður greint, lýst og metið með tilliti til áætlunarinnar, bein og óbein áhrif á eftirfarandi þætti:

- íbúa og heilbrigði manna
- líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar
- land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag
- efnisleg verðmæti og menningarminjar
- næmi áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum
- samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið

Valdir hafa verið eftirfarandi umhverfispættir til umfjöllunar og mat lagt á áhrif skipulagsins á þá. Áhrifavaldarnir geta verið einstaka framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í skipulaginu. Sýni matið fram á verulega neikvæð áhrif af vissum áhrifavaldi er vert að skoða hvort endurskoða eigi skipulagið.

Áhrif eru metin sem:

Jákvæð	+
Neikvæð	-
Óveruleg	0
Óljós	?

5.1.1 ÁHRIFAMAT

		Umhverfispættir							
		Loftgæði	Vatnsgæði sjávar	Gróður og dýralíf	Heilsa og öryggi	Efnahagur og atvinnulíf	Félagslegt umhverfi	Bygðamynstur	Menningarminjar
Áhrifavaldar	Athafnalóðir	0	0	0	0	+	0	+	0
	Hafnir	-	-	-	-	+	0	0	0
	Verslun og þjónusta	0	0	0	0	+	+	+	0
	Landfylling	0	0	0	0	+	+	+	0

5.1.1.1 ATHAFNALÓÐIR

Stefna um athafnalóðir er talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf þar sem stutt er við frekari uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu. Auk þess mun bætt hafnaraðstaða styðja uppbyggingu á nýjum athafnalóðum.

Fyrirhugaðar byggingar við bryggju-A eru smágerðar og munu breyta ásýnd hafnarinnar. Þær munu setja nærumhverfi bryggjunnar í mannlegri skala en nú einkennist svæðið af stórgerðum byggingum. Áhrif stefnunnar eru því talin vera jákvæð á byggðamynstur.

5.1.1.2 HAFNIR

Stefnt er að auknu viðlegurými fyrir stærri skip. Óskarsbryggja lengist og verður í heild um 270 m. Bryggja-A er nýr viðlegukantur á milli Hafnarbryggju og Óskarsbryggju og verður um 220 m langur.

Með móttöku stórra skipa, þ.á.m. skemmtiferðaskipa, má búast við aukinni loftmengun með útblæstri og jafnvel mengun sjávar. Þar með eru áhrif á loftgæði, vatnsgæði sjávar, gróður og dýralíf sjávar og heilsu og öryggi talin verða neikvæð.

- Áhrif á loftgæði verða meiri í logni en ef þegar blæs. Yfirleitt blæs af hafi á daginn, svokölluð hafgola, til suðurs inn fjörðinn.
- Erfitt er að meta hver áhrif á vatnsgæði sjávar, gróður og dýralíf gæti orðið. Í gildi er reglugerð sem byggir á alþjóðasamningum um kjölfestuvatn nr. 515/2010 sem segir að losun kjölfestuvatns sé óheimil innan mengunarlögsögu Íslands. Framandi lífverur ættu því ekki að berast e.t.v. vegna leka. Áhrif á ofangreinda þætti gæti því orðið vegna leka einhvers konar mengunarvalda eða botnsróts.

Mögulega má gera kröfu á þau skip sem áhuga hafa á að koma til Siglufjarðar um einhvers konar umhverfisvottun sem mótvægisáðgerð. Fjallabyggð stefnir einnig að því að landtengja hafnir sínar en til þess þarf að styrkja dreifikerfi raforku til sveitarfélagsins.

Auknir möguleikar sveitarfélagsins til móttöku skipa munu skila auknum hafnargjöldum og tækifærum í ferðapjónustu. Áhrif á efnahag og atvinnulíf eru því talin jákvæð.

5.1.1.3 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Aðalgata er helsta verslunargatan á Siglufirði og er ætlunin að styrkja hana með framlengingu húsaraðarinnar niður á Óskarsbryggju. Mun sá hluti götunnar verða göngugata með verslunar- og þjónustubyggingum. Einnig er gert ráð fyrir þjónustubyggingu fyrir móttöku gesta skemmtiferðaskipa. Þessi stefna er talin munu hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf, félagslegt umhverfi og byggðamynstur.

5.1.1.4 LANDFYLLING

Fyrirhuguð uppbygging byggir að miklu leyti á landfyllingu. Landfyllingin er um 1,45 ha og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Neikvæð áhrif á vatnsgæði, gróður og dýralíf sjávar mun líklega gæta á framkvæmdartíma að einhverju leyti. Að framkvæmdum loknum er talið að áhrif á efnahag og atvinnulíf, félagslegt umhverfi og byggðamynstur verði jákvæð þar sem ekki verði hægt að framfylgja fyrrgreindri uppbyggingu nema komi til landfyllingar.

5.1.2 **VALKOSTIR**

Aðrir raunhæfir valkostir væru a) Núllkostur, engar breytingar og b) önnur lögun hafnarsvæðis.

- a) Með núllkosti yrði engin framþróun. Áfram væri hægt að taka á móti skemmtiferðaskipum en þau hafa lagt í miðjum firðinum og fólk ferjað á gúmmibátum í land. Minni skip hafa lagt við Óskarsbryggju sem er við ófrágengið athafnasvæði og umhverfið því ekki aðlaðandi fyrir gesti. Færri skip myndu koma til Siglufjarðar en stefnt er að og þar með minni loftmengun. En ekki verður mögulegt að landtengja stærri skip því þau ná ekki að leggja við höfn.

- b) Lagt er til að ný bryggja verði í stefnunni N-S, hún er lítt varin fyrir öldugangi en sjóvarnargarðurinn Öldubrjótur er töluvert norðar og ver Óskarsbryggju. Litið er svo á að um sumarbryggju er að ræða og eru stór skip líklegri til að taka á sig vind frekar en öldu. Norður-suður stefnan er því hentug gagnvart ríkjandi vindáttum í firðinum. Önnur lega hafnar er því talin óhentug.

5.1.3 NIÐURSTÖÐUR

Siglufjörður er sjávarþorp og hefur höfnin og sjávarútvegur verið meginstoð atvinnulífs í gegnum árin. Þegar litið er fram á við er ljóst að styrkja þarf fleiri stoðir atvinnulífsins. Framreiknuð íbúaspá í gildandi aðalskipulagi gerir ráð fyrir 0,3% fólksfækkun í sveitarfélaginu en 1% íbúafjölgun á landsvísu (m.v. tölur frá 2019). Með framfylgd skipulagsins gefast ný tækifæri til uppbyggingar á grundvelli sjávarútvegs, ferðaþjónustu og tengdra greina.

Áhrif áætlunarinnar á valda umhverfispætti eru almennt jákvæð en neikvæð áhrif verða vegna tíðari komur skemmtiferðaskipa muni hafa á loftslag og þar með heilsu fólks, vatnsgæði, gróður og dýralíf sjávar. Vert er að rannsaka ítarlega hvernig áhrifa megi gæta af skipum sem þessum en ekki er talið að með framfylgd áætlunarinnar verði hætt á stórslysi eða náttúruhamförum.

Ítarlegri umfjöllun um mat á áhrifum og mögulegum mótvægisaðgerðum vegna stórskipahafnar verður gerð vegna tilkynningar hafnarframkvæmda til Skipulagsstofnunar.

6 KYNNING OG AUGLÝSING

6.1 LÝSING

Unnin var lýsing á skipulagsverkefnum skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem send var Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Lýsingin var auglýst í staðarblaði og gafst almenningi kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Tvær athugasemdir og umsagnir bárust.

6.2 DRÖG AÐ DEILISKIPULAGI OG KYNNING

Fyrstu drög voru kynnt á fundi með hagsmunaaðilum og á opnum fundi þann 26. september 2023.

Drög að deiliskipulagi voru kynnt skipulags- og umhverfisnefnd 1. nóvember 2023.

6.3 UMSAGNARAÐILAR

Eftirtöldum umsagnaraðilum var send tillagan til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Rarik
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin, siglingasvið
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands

6.4 AUGLÝSING

Deiliskipulagstillagan var auglýst með athugasemdafresti frá _____ til _____. _ athugasemdir bárust.

6.5 AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

Skipulagstillaga var afgreidd á fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann _____.

Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma gáfu ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

6.6 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

7 AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd þann _____

og í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann _____

bæjarstjóri Fjallabyggðar

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

8 TILVÍSANIR

(2020). *Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032*. Siglufjörður: Fjallabyggð.

Ásta Hermannsdóttir. (2023). *Hafnarsvæðið á Siglufirði, fornleifaskráning vegna deiliskipulags*.
Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Fjallabyggð. (13. 08 2019). Sótt frá Fréttatilkynning:
<https://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/fjallabyggd/frettir-og-tilkynningar/frettatilkynning-vegna-mikillar-urkomu-i-fjallabyggd-undanfarna-solarhringa>

Fjallabyggð. (27. 01 2023). Sótt frá Um Siglufjörð: <https://www.fjallabyggd.is/is/mannlif/ferdafolk/um-siglufjord>

Fjallabyggð. (2023). Samstarfssamningur. Fjallabyggð.

(2022). *Fjölbreytt og örugg hafnarstarfsemi, stefna Fjallabyggðarhafna 2022-2030*. Siglufjörður:
Fjallabyggð.

(2017). *Hagstofa Íslands*.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (27. 01 2023). Sótt frá Fasteingaskrá:
<https://fasteignaskra.is/fasteignir/>

Kanon arkitektar. (2012). *Húsaskráning Siglufjarðar*. Siglufjörður: Fjallabyggð.

Magnús Rúnar Magnússon. (10. 09 2014). *Héðinsfjörður - Fréttavefur í Fjallabyggð*. Sótt frá Endurbætur
á húsnæði Genís á Siglufirði: <http://hedinsfjordur.is/endurbaetur-a-husnaedi-genis-a-siglufirdi/>

Minjastofnun Íslands. (27. 01 2023). Sótt frá Friðuð hús og mannvirki: <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridud-hus-og-mannvirki/>

Páll Halldórsson. (2005). *Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

Sigurður Sigurðarson. (2018). *Lágsvæði - viðmiðunarreglur fyrir landhæð*. Reykjavík: Vegagerðin.

Sigurður Sigurðarson. (09. 03 2023). Umsögn um deiliskipulag hafnarsvæðis Siglufjarðar. Reykjavík:
Vegagerðin.

Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar. (2020). *Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032*.
Siglufjörður: Fjallabyggð.

Veðurstofa Íslands. (2012). Sótt frá Ofanflóðakortasjá: <http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/>

Veðurstofa Íslands. (04. 09 2015). Sótt frá Vatns- og aurflóð á Siglufirði: <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/nr/3185>

Vísir. (10. 02 2020). Sótt frá Fréttir: <https://www.visir.is/g/20201301586d/allt-a-floti-thegar-sjor-gekk-a-land-a-siglu-firdi-i-dag>

9 VIÐAUKI - HÚSAKÖNNUN

Árið 2012 var unnin húsaskráning á Siglufirði, sem var uppfærð í desember 2017, af Kanon arkitektum. Ágrip úr húsaskráningunni verður lagt fram í þessum kafla til upplýsinga um þær byggingar sem eru innan skipulagssvæðisins.

Skýringar:

Hús sem lagt er til að verði hverfisverndað í deiliskipulagi skv. húsaskráningu í Siglufjarðar.

Friðuð hús skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (100 ára og eldri).



15. mynd. Tillaga húsaskráningar að hverfisvernd (blá hús) og friðuð hús (rautt hús).

Gránugata 23, 25 og 19 (1935-1962)

Einlyft timburhús í norrænum stíl með rispaki og kvistum. Verbúðir sem breytt hefur verið í menningarstarfsemi. Húsin eru að stærstum hluta endurbyggð og mikið breytt útlitslega. Þau hafa takmarkað varðveislugildi í nútíð en mynda samstæður húsa og heildir. (Kanon arkitektar, 2012)



16. mynd. Gránugata 19 og 23 (LF).

Gránugata 15 (1943)

Reisulegt steinsteypt verksmiðjuhús í nútímalegum anda. Í húsaskráningu er húsið talið hafa varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Þar var starfrækt fiskvinnsla og menningarstarfsemi. (Kanon arkitektar, 2012)

Húsið er núna töluvert breytt frá upprunalegri mynd og gegnir hlutverki lyfjaverkmiðju.



17. mynd. Gránugata 15 var endurbætt árið 2014 og hýsir nú lyfjaframleiðslufyrirtækið Genís. (Magnús Rúnar Magnússon, 2014)

Tjarnargata 2 (1934) – Slippur

Slippurinn er merk heimild um iðnaðarhúsnæði frá fyrri hluta 20. aldar. Húsið er bárujárnsklætt timburhús og er lítið breytt. Það hefur mikið varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis.

Gamla skipasmíðstöðin hefur nánast ekkert verið notuð í [rúma]tvo áratugi. Innandyra eru þó enn tæki og tól til reiðu. Slippurinn var starfræktur í áratugi og fóru fram viðgerðir á skipum alveg fram yfir 1990. Árið 2007 hófst samstarfsverkefni milli Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði og Bátaverndarstöðvar Norður-Noregs í Gratangen um menntun bátasmiða. Slippurinn - gamla bátasmiðastöðin verður þar með kjarninn í nýrri deild Síldarminjasafnsins þar sem áhersla verður lögð á sögu íslenskrar bátasmiði.

(Kanon arkitektar, 2012)



18. mynd. Tjarnargata 2 (LF)

Tjarnargata 8 (1908) – friðuð verbúð

Verbúðin er mikilvæg heimild um verslunarhúsnæði frá byrjun 20. aldar. Húsið er bárujárnsklætt timburhús á múr undirstöðum. Það er talsvert breytt, einkum gluggasetningar. Húsið er talið hafa mikið varðveislugildi.

Upphaflega byggt sem verslunarhús. Breytt í verbúð um eða eftir stríð með 12 tveggja manna svefnherbergjum. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í gegn um tíðina. Húsið var mælt upp og skoðað 210 í þeim tilgangi að færa það sem næst upprunalegu útliti. Í framhaldinu var unnin tillaga að framtíðarútliti hússins eftir Jon Nordsteien arkitekt mnal.

(Kanon arkitektar, 2012)



19. mynd. Verbúðin við Tjarnargötu 8 (LF).

Í fasteignaskrá húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru byggingarnar skráðar með eftirfarandi hætti:

Staðfang	Notkun	Bygg. ár	Birt stærð	
Gránugata 1 - 3	Frystigeymsla	1974	663,7	m ²
Gránugata 1 - 3	Frystihús	1977	2257,5	m ²
Gránugata 1 - 3	Frystigeymsla	1996	767,3	m ²
Gránugata 5	Verkstæði	1961	300	m ²
Gránugata 5A - Hafnarvogin	Vogarhús	1985	42,3	m ²
Gránugata 5B	Veitingahús	1988	69,9	m ²
Gránugata 13	Iðnaðarhús	1978	566	m ²
Gránugata 13B	Iðnaðarhús	1980	279,4	m ²
Gránugata 15 - Genís, lyfjaframleiðsla	Frystihús	1943	0	m ²
Gránugata 15 - Genís, lyfjaframleiðsla	Frystihús og verbúð	1959	0	m ²
Gránugata 15	Spennistöð nr: 56	1959	0	m ²
Gránugata 15B	Iðnaður	1996	756	m ²
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	297,6	m ²
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	96	m ²

Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	96	m ²
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	96	m ²
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	134,9	m ²
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	74,1	m ²
Gránugata 19	Veitingahús	1935	595,8	m ²
Gránugata 19A	Iðnaður	1935	110,6	m ²
Gránugata 23 - Rauðka	Veitingahús	1957	226,2	m ²
Gránugata 25 - Rauðka	Þjónustumiðstöð	1962	186,3	m ²
Hafnarbryggja	Iðnaðarhús	1987	720,9	m ²
Hafnarbryggja 1	Spennistöð	2016	10,2	m ²
Hafnarbryggja 1	Spennistöð	2016	14,8	m ²
Tjarnargata 2 - Slippur	Trésmíðaverkstæði	1934	337	m ²
Tjarnargata 6 - Olís	Birgðageymsla	1995	369,6	m ²
Tjarnargata 8	Verbúð	1908	272	m ²

(Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2023)